Umsókn um ökuskírteini

Umsókn skal senda sýslumanni sem kannar hvort skilyrði til útgáfu ökuskírteinis eru fyrir hendi. Hann tekur ákvörðun um hvort þörf er á frekari upplýsingum s.s. um heilbrigði.

Mynd til í kerfi ☐

Mynd skönnuð ☐

Umsækjandi skal rita skýrt og greinilega á umsóknareyðublað. Um leið og umsókn er skilað skal umsækjandi gefa eiginhandarundirskrift á kennispjald með mynd nema að nothæf mynd og undirskrift sé þegar til í gagnasafni ökuskírteinakerfis. Ef umsækjandi hefur undir höndum gilt ökuskírteini skal hann afhenda það með umsókn.

Nafn			Kennitala
Heimili			Fæðingarland
Póstnr.	Staður	Sími	Netfang
Ökukennari		Ökuskóli	

Ég sæki um nýjan flokk ökuréttinda (merkið aðeins í einn reit):

☐ **A1** Bifhjól ☐ **A2** Bifhjól ☐ **A** Bifhjól

☐ **B** Fólksbifreið

☐ **BE** Fólksbifreið með eftirvagn

☐ **AM** Létt bifhjól ☐ **T** Dráttarvél

☐ **B** farþegaflutningar í atvinnuskyni

☐ **C1** Lítil vörub./vörufl. í atvinnusk.

☐ **C** Vörubifreið./vörufl. í atvinnusk.

☐ **D1** Lítil hópb. án farþegafl. í atvinnuskyni

☐ **D1** Lítil hópb./farþegafl. í atvinnuskyni

☐ **D** Hópbifreið/farþegafl. í atvinnuskyni

☐ **C1E** Lítil vörubifreið með eftirvagn

☐ **D1E** Lítil hópbifreið með eftirvagn

☐ **CE** Vörubifreið með eftirvagn

☐ **DE** Hópbifreið með eftirvagn

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef ekki undir höndum ökuskírteini gefið út af öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu né hef ég sætt takmörkunum á ökurétti eða verið svipt(ur) ökuréttindum í þeim ríkjum. Ég hef fasta búsetu hér á landi eins og hún er skilgreind eða tel mig fullnægja skilyrðum um búsetu hér á landi til að fá gefið út ökuskírteini*.

Staður og dagsetning	Undirskrift umsækjanda

* Með fastri búsetu er í reglugerð þessari átt við þann stað þar sem hlutaðeigandi býr að jafnaði í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- eða atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða þann sem hefur engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna náið samband milli hlutaðeigandi og staðarins þar sem hann býr. Föst búseta er talin vera komin á þegar hlutaðeigandi uppfyllir a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem tilgreind eru hér að framan.

Sá sem eingöngu hefur atvinnutengsl hér á landi er talinn hafa fasta búsetu í því landi þar sem hann hefur persónuleg tengsl enda snúi hann þangað með reglubundnu millibili. Síðastnefnda skilyrðinu þarf ekki að fullnægja, dvelji hlutaðeigandi hér vegna tímabundinna verkefna. Námsdvöl við menntastofnun felur ekki sjálfkrafa í sér að viðkomandi sé talinn hafa fasta búsetu hér á landi. (Úr reglugerð um ökuskírteini)

Útfyllist af sýslumanni

Athugasemdir	**Umsækjanda er hér með veitt námsheimild og heimild til próftöku að uppfylltum skilyrðum um ökunám skv. námskrá.**	☐ **Innfært í ökuskírteinaskrá Dags.**
		Undirskrift
	Dags.	Sýslumaður

Heilbrigðisyfirlýsing – vottun prófdómara

Útfyllist af umsækjanda þegar sótt er um ökuskírteini.

Ef sótt er um réttindi í flokkum AM, A1, A2, A, B, BE eða T nægir heilbrigðisyfirlýsing ein sér, nema sýslumaður telji þörf á læknisvottorði eða ef umsækjandi hefur náð 65 ára aldri eða hann vilji heldur skila læknisvottorði. Með umsókn um aðra flokka ökuréttinda (aukin ökuréttindi) er krafist læknisvottorðs á sérstöku eyðublaði.

Umsækjandi getur óskað eftir að skila inn læknisvottorði í stað heilbrigðisyfirlýsingar ☐ **Læknisvottorði skilað**

Yfirlýsing um líkamlegt og andlegt heilbrigði

	Já	Nei
1. Notar þú gleraugu eða snertilinsur?	☐	☐
2. Hefur þú skerta sjón á öðru auga eða báðum?	☐	☐
3. Hefur þú skert sjónsvið til annarrar hliðar eða beggja?	☐	☐
4. Hefur þú verið flogaveik(ur) eða orðið fyrir alvarlegri truflun á meðvitund og stjórn hreyfinga?	☐	☐
5. Hefur þú nú eða hefur þú haft alvarlegan hjartasjúkdóm?	☐	☐
6. Hefur þú nú eða hefur þú haft alvarlegan geðsjúkdóm?	☐	☐
7. Notar þú að staðaldri læknislyf eða lyfjablöndur sem geta haft áhrif á meðvitund?	☐	☐
8. Ert þú háð(ur) áfengi, ávana- og/eða fíkniefnum eða misnotar þú geðræn lyf sem verkað gætu á meðvitund?	☐	☐
9. Notar þú insúlín og/eða töflur við sykursýki?	☐	☐
10. Hefur þú nú eða hefur þú haft galla eða hömlur í hreyfikerfi líkamans?	☐	☐
11. Átt þú við einhvern annan sjúkdóm að stríða sem þú telur að geti haft áhrif á öryggi þitt í akstri í framtíðinni?	☐	☐

Ef þú hefur svarað einhverri af 1. - 3. spurningu játandi skalt þú skila inn sjónvottorði frá lækni. Ef þú hefur svarað einhverri hinna játandi skalt þú gera nánari grein fyrir svarinu hér að neðan, svo sem um upphaf sjúkleika, hvaða læknir eða sjúkrastofnun kom við sögu og annað sem varðar málið. Sýslumaður mun síðan ákveða hvort skila þurfi læknisvottorði.

Athugasemdir

Ég lýsi því hér með yfir að ofangreindar upplýsingar um heilsufar mitt eru samkvæmt minni bestu vitund og sannleikanum samkvæmt. Ég skuldbind mig til að tilkynna til sýslumanns ef breytingar verða á heilsufari mínu sem kunna að breyta ofangreindri yfirlýsingu. Einnig geri ég mér grein fyrir því að ofangreindar upplýsingar kunna að verða prófaðar af sýslumanni áður en ég fæ ökuskírteini afhent.

Staður og dagsetning	Undirskrift umsækjanda

Útfyllist af prófdómara

Það vottast hér með að umsækjandi hefur staðist ökupróf fyrir réttindaflokk:	Flokkur	Ath
Staður		Dagsetning

Athugasemdir

Undirskrift próftaka

Undirskrift prófdómara

04-2013